

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 341/2022

2023/EES/48/52

frá 9. desember 2022

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1310 frá 6. ágúst 2021 um að leiðrétta tilteknar tungumálaútgáfur af reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66ne (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32021 R 1310**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1310 frá 6. ágúst 2021 (Stjtið. ESB L 284, 9.8. 2021, bls. 15).“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/1310, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 284, 9.8.2021, bls. 15.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.